

Sp.

375. Tillaga til þingsályktunar

[187. mál]

um deildaskiptingu Skipaútgerðar ríkisins.

Flm.: Helgi F. Seljan, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að hefja nú þegar endurskipulagningu á starfsemi og rekstri Skipaútgerðar ríkisins, sem miði að því að henni verði skipt í tvær deildir: Austurlands- og Vestfjarðadeild með aðsetri á Reyðarfirði og Ísafirði.

Skal tekið mið af tillögum stofnananefndar um þetta frá árinu 1975 og þegar á næsta þingi lagt fram frumvarp hér að lútandi.

Greinargerð.

Flutningsmönnum þessarar tillögu hefur af eigin reynslu verið það ljóst lengi, að bæta yrði þjónustu Skipaútgerðar ríkisins við landsbyggðina og um leið gera átak til að skipuleggja þannig heildarstarfsemina hjá stofnuninni að henni yrði gert þetta kleift.

Hér er um veigamikinn þátt að ræða í almennri aðstöðujöfnun, þar sem vöru-dreifing til landsbyggðarinnar og um leið ráðstafanir til minni flutningskostnaðar og lægra vöruverðs. En þar þarf fleira til að koma og að því lýtur þessi tillögu-gerð. Raunar hafa báðir flm. reifað þessa hugmynd áður á Alþingi, ýmist með tillögum um skipakaup eða beinum hugmyndum um deildaskiptingu Skipaútgerðar ríkisins sem lið í dreifingu opinberra stofnana og stjórn-sýslu.

Um það, hversu raunhæf þessi deildaskipting yrði, fer mest eftir framkvæmdinni og því, hver vilji forráðamanna er til að vinna að verkefninu og endurskipuleggja alla starfsemi og rekstur út frá þessu sjónarmiði. Það er hins vegar ótvíræð skoðun flm., að auk þeirrar þýðingar, sem deildaskiptingin hlýtur að hafa fyrir viðkomandi byggðarlög, þá sé margvislegt hagræði að aukinni hlutdeild heimaðila í rekstrinum til hagsbóta fyrir íbúða þessara svæða.

Ef rétt er að málum staðið efast flutningsmenn ekki um þjóðhagslega jafnt sem byggðalega hagkvæmni af þessari skipan, svo sem nánar verður greint frá í framsögu.

Höfuðrök sín sækja flm. hins vegar í einróma álit stofnananefndar frá árinu 1975 um deildaskiptingu Skipaútgerðar ríkisins, en þar segir svo orðrætt:

„Skipaútgerð ríkisins skiptist í strandferðadeild, landhelgisgæsludeild og haf-rannsókn- og fiskirannsóknadeild; tvær síðarnefndu deildirnar annast skipakost viðkomandi stofnana og tengjast því fyrst og fremst starfsemi þeirra. Nefndin fjallar þess vegna hér fyrst og fremst um strandferðadeild sem aðallega fæst við vöruflutninga til og frá landsbyggðinni, einkum Vestfjörðum og Austfjörðum. Starfsemi Skipaútgerðar ríkisins hefur dregist mjög saman á síðari árum og þjónar stofnunin nú aðallega þessum tveimur landshlutum. Þar eð þessi tegund starfsemi-
innar er einkum hagsmunamál tveggja landshluta leggur nefndin til að strandferða-
deild verði skipt í tvo hluta, Vestfjarðadeild og Austfjarðadeild, sem fái aðsetur á Ísafjarðarsvæði og Austfjarðasvæði. Deildirnar fái hvor fyrir sig ákveðin skip til umráða sem annist flutninga innan þessara landshluta og við aðra landshluta, einkum Reykjavík og Akureyri. Deildum verði veitt verulegt sjálfstæði við rekstur skipanna. Í Reykjavík verði áfram afgreiðsla og vörugæmsluhús. Nefndin telur eðlilegt að sú starfsemi, sem einkum á að þjóna ákveðnum landshlutum, hafi aðsetur í þeim. Nefndin leggur jafnframt til að aðrir þættir í starfsemi stofnunarinnar hafi óbreyttan aðsetursstað. Gera má ráð fyrir að við skiptingu strandferðaeildar muni auk áhafna skipanna 5—10 menn fylgja hvorri deild, Vestfjarðadeild og Austfjarðadeild. Nefndin telur að slíkur flutningur muni færa stjórn flutninganna nær hagsmunum viðkomandi landshluta og þannig hafa fjölbætt áhrif á viðgang marg-

vislegrar starfsemi á þessum svæðum. Kostnaður við slíkar breytingar væri einkum fólgin í útvegun skrifstofuhúsnæðis. Á móti kæmi minni þörf stofnunarinnar fyrir slíkt húsnæði á höfuðborgarsvæðinu.”

Á það má benda, að einn þeirra nefndarmanna, er að þessu álitu standa, er núverandi forstöðumaður byggðadeildar Framkvæmdastofnunar ríkisins, Bjarni Einarsson, en mjög væri eðlilegt að fela byggðadeildinni að vinna að þessu verkefni ásamt viðkomandi ráðuneyti og stofnuninni sjálfri.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.